

BORGARRÁÐ 2. apríl 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um greiðslur til dagforeldra - R20040019

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að dagforeldrar fái fulla niðurgreiðslu ef það þarf að loka vegna sóttkvíar hvort sem er að völdum þeirra sjálfra, foreldra barnanna, barnanna eða annarra sem koma með og/eða sækja börnin hjá þeim. Við aðstæður sem þessar þarf að tryggja dagforeldrum óskert laun. Dagforeldrar starfa nú sem framlínustarfsmenn en ennþá hefur ekkert verið rætt um úrræði ef upp kemur smit á heimili barns í gæslu sem kallar á sóttkví og þ.a.l. lokun daggæslu. Dagforeldrar eru því óvissir um sína stöðu og óöruggir um starfsöryggi sitt. Dagforeldra er farið að lengja eftir að fá upplýsingar frá borgaryfirvöldum um hvernig málum skuli háttað, hvort borgin greiði ekki örugglega tekjutapið og hvernig verður með endurgreiðslur til foreldra ef dagforeldrið verður veikt og/eða verður að loka daggæslunni vegna sóttkvíar. Hver verður launatrygging dagforeldra? Margir dagforeldrar sem starfa tveir saman eru hjón. Ef fjölskylda eins barns er smitað eða grunur leikur á að sé mögulega smitað verða allir að fara í sóttkví. Það hefur eðli málsins samkvæmt áhrif á alla, dagforeldra, foreldra barnanna og börnin.